

Kjósarhreppur
Óskar Örn Gunnarsson
Ásgarði Kjós
276 Mosfellsbær

Garðabær, 22. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0032
LA

Efni: Skipulagslýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags Kjósarhrepps

Vísað er í tölvubréf frá Kjósarhreppi, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 15. júlí 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Kjósarhrepps 2024-2036.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Stefnumótun um verndun náttúru og sjálfbæra auðlindanýtingu er hefur áhrif á landnotkun af ýmsum toga er mikilvægur þáttur við undirbúning aðalskipulags. Ærið tilefni er fyrir sveitarfélagið að móta sér stefnu um verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og innleiða í áherslur aðalskipulagsins enda sveitarfélög með mikilvægt hlutverk (ekki síst með skipulagsskyldu sinni) við að vinna gegn hnignun líffræðilegrar fjölbreytni sem er ein stærsta umhverfisvá samtímans samhliða og í nánú sambandi við áhrif loftslagsbreytinga. Í drögum að nýrri landsskipulagsstefnu sem nú er í meðferð Alþingis er lögð mikil áhersla á líffræðilega fjölbreytni.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu eða skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir eða skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (Markmið laganna), 2. gr. (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir) og 3. gr. (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun. Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins eða hugsanlegra framkvæmda m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Þá ber að benda á svæði á náttúruminjaskrá og á tillögur Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár sem skoða má í vefsíðu, <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra>, sem og

á staðreyndasíðum. Innan marka sveitarfélagsins eru nokkur svæði á C-hluta náttúruminjasráð og Hvalfjörður er tilnefndur fyrir B-hlutann (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudvesturland/hvalfjordur>) og vert að tekið sé tillit til verndargildis þeirra við ákvarðanir í aðalskipulagi eins og við á. Aðgerðir í þágu náttúruverndar snúa bæði að skipulögðum verndaraðgerðum t.a.m. að skilgreina verndarsvæði, hvort sem er í skipulagi t.d. með hverfisvernd eða í samráði við stjórnvöld s.s. friðlýsingar eða friðun tiltekinna náttúrufyrirbæra. En aðgerðirnar snúast einnig um val og skipulag á svæðum fyrir landnotkun og framkvæmdir sem þeim fylgja sem geta mögulega rýrt verndargildi og hvernig best er að stýra umfangi og eðli slíkrar landnotkunar. Hvetur Náttúrufræðistofnun sveitarfélagið til að skoða þetta sérstaklega á þeim svæðum sem skilgreind hafa verið með hátt verndargildi t.a.m. tillögur að B-hluta. Þetta á ekki síst við um votlendis- og strandsvæði þar sem fuglalíf er auðugt og ýmsar ábyrgðartegundir verpa eða dvelja á far- og vetrarstöðvum og þar sem finnast sjaldgæfar vistgerðir með hátt verndargildi. Stíga þarf varlega til jarðar við að heimila landnotkun eða framkvæmdir sem valda miklu raski á svo verðmætum svæðum og ef það er óumflýjanlegt að skoðaðar séu öflugar mótvægisáðgerðir í nágrenninu eða annars staðar í sveitarfélaginu t.d. endurheimt votlendis, landgræðsla og verndun þar sem við á.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að finna má ýmsar upplýsingar um náttúru Íslands á heimasíðu stofnunarinnar www.ni.is þ.á.m. eftirfarandi gögn sem geta komið að notum:

- Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) og kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>

- Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf) <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>.

Innan sveitarfélagsins er að finna náttúruminjar sem njóta verndar skv. 60. gr. laga um náttúruvernd (nr. 60/2013) um steindir og steingervinga og 61. gr. um sérstaka vernd, einkum náttúrufyrirbærin leirur, votlendi og fossar (<https://serstokvernd.ni.is/>). Huga þarf vandlega að skipulagi og framkvæmdum sem geta raskað þessum náttúrufyrirbærum.

Í sveitarfélaginu eru fundarstaðir sjaldgæfra plöntutegunda sem eru friðaðar skv. auglýsingu nr. 1385/2021 og eru á valista. Við skipulagsáform við og í næsta nágrenni við fundarstaðina þarf að tryggja verndun þessara tegunda.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um þetta atriði. Náttúrufræðistofnun gerir ekki fleiri athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt á frekari ábendingum síðar.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

